



Júní 2017
2016-2017

Ársskýrsla Heilsuleikskólans Holtakots



Ragnildur Skúladóttir,
leikskólastjóri
Garðabær,
Júní 2017

Efnisyfirlit

1. Leikskólinn	2	1
1.1 Leikskólinn (stærð og aldur).....	2	
1.2 Viðhald skólans.....	2	
2. Nemendur.....	2	
2.1 Fjöldi barna skipt eftir aldri og dvalartíma	2	
2.1.1 Barnsgildi	2	
2.1.2 Fjöldi barna sem hafa annað móðurmál en íslensku.....	2	
2.1.3 Fjöldi barna sem njóta stuðnings í leikskólanum.....	3	
3. Starfsfólk.....	3	
3.1. Stöðugildi	3	
3.1.2 Fundir	4	
3.2 Símenntun.....	4	
4. Innra starf leikskólans.....	5	
4.1 Uppeldisstefna, áherslur og markmið	5	
4.2 Mat, framkvæmd og niðurstöður	7	
4.3 Foreldrasamstarf, eðli þess og umfang	8	
4.3.1 Áherslur og markmið.....	8	
4.3.2 Foreldrafélag.....	8	
4.3.3. Foreldraráð	9	
4.3.4 Foreldraviðtöl	9	
4.3.5 Foreldrafundir og foreldrafræðsla	9	
4.3.6 Upplýsingar til foreldra.....	9	
4.3.7 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	10	
4.4 Samstarf.....	10	
4.4.1 Samstarf leikskólastjóra.....	10	
4.4.2 Samstarf sérkennslustjóra.....	10	
4.4.3 Samstarf við sérfræðiaðila.....	10	
4.4.4 Aðrir samstarfsaðilar.....	11	
4.5 Starfið síðastliðið ár	11	
4.5.1. Viðburðir.....	11	
5. Lokaorð	13	

1. Leikskólinn

1.1 Leikskólinn (stærð og aldur)

Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 2016 - 2017.

Heildarflatarmál leikskólans er 727 m² með öllu. Holtakot er fjöggra deilda leikskóli með dvalartíma frá 4 upp í 9,5 tíma. Deildirnar eru : Hlið börn fædd 2011 -2012, Tröð börn fædd 2013 -2014, Mýri börn fædd 2014-2015 og Seyla börn fædd 2015 -2016.

Leikskólinn fagnaði 11 ára afmæli þann 28. apríl 2017.

1.2 Viðhald skólans

Á þessu skólaári var skipt út skiptiaðstöðu á næst yngstu deildinni. Annað sem upp hefur komið hefur verið mjög vel sinnt af hálfu mannanna í áhaldahúsi Garðabæjar. Mikið hefur verið kvatað yfir útisvæði skólans þar sem myndast mikill vatnspollur og hefur gert síðastliðinn 11 ár og hefur verið ábótavant að fá vinnslu í það mál, þrátt fyrir fjölda ítrekana. Það er búið að greina einhvern vanda með niðurföll en ekkert verið aðhafst. Leikskólastjóri er búið að ræða hvort hægt sé að fá sparkvöll og taka þetta bryggju og haf þar sem hætta er enn meiri eftir að skóla er lokað þar sem ekkert eftirlit er þá.

2. Nemendur

Á skólaárinu voru 78 börn í leikskólanum.

2.1 Fjöldi barna skipt eftir aldri og dvalartíma

Árgangar barna	4,0-4,5 dvalarstundir	5,0-6,5 dvalarstundir	7,0-10,00 dvalarstundir	Samtals börn dvalarstundir
5 ára og eldri				97
4 ára				78
3 ára				174,85
2 ára				168,8
1 árs og yngri				53,81
Samtals börn :				77

2.1.1 Barnsgildi

Barnsgildi í leikskólanum skólaárið 2016-2017 voru 113,5 og dvalarstundir á bak við það var klst 929,75.

2.1.2 Fjöldi barna sem hafa annað móðurmál en íslensku

Samtals voru 13 börn sem hafa annað tungumál heima en íslensku og 1 barn sem hafði báða foreldra af erlendum uppruna.

2.1.3 Fjöldi barna sem njóta stuðnings í leikskólanum

Sérstuðningur var fyrir eitt barn, samtals 4 klst á dag sem er 50% starf við stuðning sem sérkennslustjóri sá um.

Sérkennslustjóri starfar við leikskólann í 0,75 % stöðu og hlutverk hans er að halda utan um og skipuleggja sérkennslu og sérstuðning í skólanum. Einnig ráðleggja og leiðbeina deildum varðandi ýmis mál er varðar börnin og hafa umsjón með beiðnum um sérfræðiaðstoð og vera í samvinnu við sérfræðinga sem að skólanum koma s.s sálfræðinga, talmeinafræðinga, sjúkráþjálfara, iðjuþjálfara og Greiningarstöð.

3. Starfsfólk

3.1. Stöðugildi

Leikskólinn hafði samkvæmt reiknilíkani 20,88 stöðugildi á skólaárinu.

Leikskólakennarar / annað fagf/sérkennslust/stjórendur	Leiðbeinendur	Eldhús	Stuðningur
8 kennarar	10 leiðbeinendur	2 starfsmen	

Tveir starfsmenn eru í fæðingarorlofi.

Starfsfólk í Holtakoti 2016-2017

Erla Dögg Héðinsdóttir	leiðbeinandi	1,00
Anna Kristmundsd	Leikskólakennari	1,00
Elle	Leiðbeinandi	1,00
Elva Dögg Kristjánsd	Aðstoðarl.stjóri/Deildastjóri	1,00
Póranna K. Jónatansd	Deildastjóri	1,00
Hafdís Sævarsdóttir	Matráður	1,00
Hildur Einarsdóttir	Leikskólakennari/ fæðingarorlof	0,75
Ína S. Þórðardóttir	Aðstoðarl.stjóri/Deildastjóri	1,00
Hrafnhildur Björnsd	Deildarstjóri	1,00
Kristín J. Sigurjónsd	Leiðbeinandi	0,94
Kristín P.Garðasdóttir	Leikskólakennari	0,625
Guðlaug Þorsteinsd	Íþr.fræðingur/leysa af fæðingarorlof	1,00
Stefán T. Þórinsson	Afleying	1,00
Margrét Ó.Gunnarsd	Sérkennslustjóri	0,75
Pétur Geir Ómarsson	Leiðbeinandi	1,00
María Elíasen	Leiðbeinandi	1,00
Hrönn Sveinsdóttir	Aðst. matráður	0,80

Olga M. Hermannsd.	Leiðbeinandi	0,81
Ragnhildur Skúlad	Leikskólastjóri	1,00
Sæunn Eiríksd	Leiðbeinandi	0,95
Astrid Þorgrímsd	Leiðbeinandi (sálfr - fæðingarorlof)	1,00
Helga Linnet	Leiðbeinandi	0,75

3.1.2 Fundir

Á skólaárinu voru 8 starfsmannafundir sem teknir voru eftir lokun leikskólans og farið yfir málefni sem vörðuðu starfsmannahópinn og starfið. Fundirnir voru m.a. í formi fyrirlesta, þróunarverkefni, námsmat og vinnslu á verkefnum sem við erum að vinna að. Starfsdagar voru 3,5 og voru teknir yfir árið. Þeir voru nýttir í fyrirlestra, skipulagningu og mat á vestrarstarfinu og vinnu við þróunarverkefni „Leikur að læra „ sem við vorum með. Deildarfundir voru teknir á vinnutíma. Starfsmenn á hinum deildunum gæta barna þeirra deildar sem er á fundi í útiveru fyrir hádegi. Á þessum fundum er farið yfir málefni hvernar deildar fyrir sig og farið yfir skipulagið og starfið. Deildarstjórafundir voru skipulagðir 9 á árinu en stundum er kallað á stutta aukafundi ef uppfærsla á ákveðnum verkefnum er þörf eða að ekki hafi náðst að hafa fundinn. Grænfánafundir voru 8 yfir veturinn á vinnutíma. Þar var verið að samræma verkefni sem verið er að vinna að vegna flöggunar á næsta fána og uppfærsla frá hverri deild hvernig gengur. Samráð skólastjórnenda var einu sinni í viku þar sem verið var að vinna að:

- sameiginlegri sýn á starfsmannamálum
- framhaldsvinnna að þróunarverkefni
- samræming stjórnunarháttanna
- skipulag skólastarfsins
- fara yfir skipulagsmál innan húss
- starfsmannasamtöl
- stuðningur stjórnenda hvor við annan
- fara yfir vinnustund
- og fleira sem kemur upp í daglegu starfi

Þegar fundir eru þá setjum við upp hvað er á döfinni til að fólk geti undirbúið sig og séð hvað verið er að vinna að.

3.2 Símenntun

Símenntun í Garðabæ er vel upp sett og mörg og ólík námskeið í boði sem hentar vel inn í starfið og nær til allra starfsmanna. Auk þess eru fleiri námskeið hjá Endurmenntun HÍ

og getur starfsfólk þá sótt styrk hjá sínu stéttarfélagi. Reynt er eftir fremsta megin að láta fólk fara á námskeið og hvetjum við fólk til að taka eitt á hvorri önn.

Skólaárið 2016-2017 voru m.a. eftirtaldir þættir nýttir af símenntunaráætlun

- HÍ skjalánám - Leikskólakennari stundar nám með vinnu.
- Örnámskeið í læsi þar sem allir deildarstjórar tóku þátt í allan veturinn.
- Allir starfsmenn unnu að innleiðingum í „leikur að læra „ sem var einnig þóunarverkefni sem fjallar um hvernig við leggjum inn bóklegt nám í gengum leik og hreyfingu. Stuðningsaðili okkar var Kristín Einarsdóttir eigandi stefnunnar.
- Ásamt fleiri námskeiðum sem við tengdum inn í starfið og eftir áhuga hvers og eins.
- Þróunarverkefni - unnum áfram að þeim þróunarverkefnum sem við sóttum um sem var Leikur að læra.
- Uppeldi til ábyrgðar - við höldum áfram að vinna að Uppbyggingarstefnunni og notuðum líka starfsmannafundi og deildarfundi til að vinna og rifja upp og skoða hvort og hvernig við erum að vinna með uppbyggingarstefnuna í starfinu. Við erum með tvo verkefna stjóra sem kalla á fundi einu sinni í mánuði og fara yfir hvernig gengur á deildunum og hvað skal leggja inn næst.

4. Innra starf leikskólans

4.1 Uppeldisstefna, áherslur og markmið

Einkunnarorð Heilsuleikskólans Holtakots eru orð Bangsímmons „þú ert hugrakkari en þig grunar, snjallari en þú heldur og sterkari en þér sýnist“. Þessi orða falla vel við uppeldi til ábyrgðar og Heilsustefnuna þar sem við erum að gera okkar besta og það fá allir tækifæri á að bæta fyrir mistök sín. Lögð er áhersla á að börnunum líði vel og hafi trú á eigin getu. Læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Svo að lokinni leikskólagöngu séu þau sjálfstæð, tillitsöm og örugg þegar þau fara út í þann stóra heim sem bíður þeirra.

Einnig leggjum við mikið upp úr leiknum þar sem leikurinn felur í sér nám í allri sinni víðustu mynd. Yfirmarkmið leikskólans er að búa börnum og starfsfólki öruggt og þroskavænlegt umhverfi sem býður upp á fjölbreytileika og sjálfstæði í starfi með hlýju, virðingu og samkennd að leiðarljósi.

Starf leikskólans byggir á

- aðalnámskrá leikskóla
- námskrá leikskólans
- deildaráætlunum

- skóladagatali

Aðal áherslan er að koma á mótis við alla nemendur eftir getu og þroska og að hver og einn sé metin af verðleikum. Barnahópurinn er eðlilega með mikla getubreidd og eiga fjölbreyttir starfshættir að taka mið af því.

Holtakot er Heilsuleikskóli sem vinnur eftir Heilsustefnunni. Markmið Heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu og holla næringu, gæði í samskiptum og listsköpun í leik og starfi. Vellíðan starfsmanna er einnig mikilvægur þáttur í skólastarfinu og eru gæði í samskiptum mikilvægur þáttur í góðri heilsu og vellíðan bæði barna og fullorðinna.

Hreyfing

Markmið í hreyfingu er

- að auka úthald, einbeitingu og styrk
- að efla alhliða þroska þeirra
- að börnin njóti þeirra gleði sem hreyfingin veitir

Allar deildir fara í sal skólans einu sinni í viku í skipulagðar hreyfistundir ásamt fagmenntuðum kennara. Tvær elstu deildarnar fara svo aðra hverja viku í íþróttahús Álftaness og Fimleikasal Stjörnnunnar ásamt íþróttufræðing sem hjá okkur starfar í skipulagðar stundir.

Íþróttadagur -Í maí á hverju ári erum við svo með einn íþróttadag þar sem allir í leikskólanum mæta í íþróttafatnaði og fáum við afnot af íþróttahúsi Álftanes til að gera okkur glaðan dag og nýta salinn fyrir öll börnin.

Danskennsla er annað hvert ár hjá okkur. Þessi liður hefur fest í sessi frá opnun skólans og er hluti af hreyfingu. Við fáum danskennara sem kemur og leggur þetta inn einu sinni í viku í 6 vikur og er það foreldrafélagið sem sér um að við náum að halda þessu áfram inni í starfinu. Hér fyrst var þetta á hverju ári en frá 2012 ákváðum við að vera annað hvert ár með dans og annað hvert ár með tónlistarkennslu.

Tónlistarkennsla er annað hvert ár á móti danskennslunni. Á þessu skólaári var tónlistarkennsla.

Sund -Elsti árgangur skólans fer í sund einu sinni í viku frá september - maí ásamt íþróttufræðing og verkefnastjóra. Markmið með þessu er að gera þau örugg í íþróttamannvirkinu fyrir skólagöngu, geta séð um sig sjálf í fataklefa, s.s. klætt í og úr án aðstoðar og yfirvinna vatnshræðslu ef hún er til staðar. Þetta fór algerlega langt fram úr okkar vonum og voru börnin fljót að ná þessu, auk þess að flest að ljúka fyrsta sundstiginu.

Gönguferðir- Allar deildir fara í gönguferðir 1x í viku allt skólaárið nema yngstu börnin, þau fara eftir veðri. Þegar er mikil hálka er það ekki forsvaranlegt.

Hjóladagar eru hjá okkur tvisvar á ári og þá mega börnin koma með hjól og er bílastæðið girt af fyrir eldri börnin en þau yngri eru inn á leikskólalóðinni og vekur þetta mikla lukku hjá börnunum.

Holl næring

Markmið Holtakots er að

- bjóða upp á hollan heimilismat sem unninn er frá grunni í eldhúsinu
- auka neyslu grænmetis og ávaxta
- kenna börnum að vatn er góður valkostur

Matseðilinn samanstendur af einföldum og lítið unnum mat þar sem salti, sykri og óhollri fitu er haldið í lágmarki. Hollt næringarríkt fæði stuðlar að almennri vellíðan og forsenda fyrir að einstaklingurinn geti þroskast og notið þeirra hæfileika sem hann býr yfir. Barn sem lærir að meta hollan og góðan mat í æsku er líklegri til að temja sér góða siði síðar á lífsleiðinni. Fylgst er náið með matarvenjum barnanna sem skráð er í Heilsubók barnsins. Einnig er skráð eftir hvern matartíma hvernig yngri börnin borða þannig að foreldra geta fylgst með hvernig matarlist barnsins er.

Gæði í samskiptum / lífsleikni

Markmið er að börnum og starfsfólki í Holtakoti:

- líði vel og eru lífsglöð
- tileinki sér jákvæðni, umburðarlyndi og gleði gangvart öðrum
- verði fær um með vísýni og jákvæðni að takast á við nýjar aðstæður

4.2 Mat, framkvæmd og niðurstöður

Leikskólinn hefur verið að koma af stað mati á skólastarfinu og hefur það tekist vel þetta skólaár.

Deildarstjóri elstu barnanna leggur Hljóm -2 próf fyrir börnin í september sem er staðlað próf sem nær til ákveðins aldur. Þau börn sem koma út með slaka eða frekar slaka færni fara í sérstak málörvunaráttak sem deildarstjóri vinnur jafnt og þétt með yfir vetrartímann. Síðan er tekið aftur próf á þeim og ef þau koma illa út er leitað eftir frekari aðstoð talmeinafræðings.

Starfsmannafundir, deildarfundir, deildarstjórafundir og starfsdagar eru notaðir til að meta starfið og samræma það í leikskólanum. Auk þess að fara yfir áherslupætti leikskólans

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Í október og mars, skráð er í Heilsubók barnsins og þroski þeirra og færni metin samkvæmt sérstökum skráningarblöðum sem eingöngu Heilsuleikskólar mega nota. Þessi skráning og samræður við foreldra gefa báðum aðilum góða mynd af stöðu barnsins.

Starfsmannasamtöl fara fram í mars á hverju ári. Starfsmaður fær spurningarblöð þar sem farið er yfir áherslur leikskólans, líðan starfsmanns, hugleiðingar og athugasemdir. Niðurstöður voru ótrúlega góðar og almennt líður fólki vel, finnst vel tekið á málum og þau fá svigrúm til að bera ábyrgð í starfi.

4.3 Foreldrasamstarf, eðli þess og umfang

4.3.1 Áherslur og markmið

Áherslur okkar á foreldrasamstarf er að hafa það jákvætt og byggt á samvinnu og gangkvæmu trausti. Við leggjum áherslu á gott og öflugt foreldrasamstarf. Markmið okkar er að foreldrum jafnt sem börnum líði vel að koma í skólann og líði vel að vera hér. Þátttaka foreldra í aðlögun yngstu barna kemur sterk þarna inn þar sem allt að 6 foreldrar á deild eru saman í aðlögun og eru alveg með fyrstu 3 dagana. Þannig kynnast foreldrar innbyrðis, þau kynnast starfsfólkinu vel, öðrum börnum og ekki síst starfinu í heild sinni. Við höfum fengið góða umsögn frá foreldrum hvað þetta sé frábær aðlögun.

Auk þess erum við með nokkra viðburði yfir árið sem foreldrar koma að og er alveg ótrúlega góð mæting og gaman að sjá að með hverju ári gefur fólk sér meiri tíma til að koma og vera með. Þar má nefna meðal annars:

- opið hús vegna afmælis
- opið hús hjá leikskólum Garðabæjar
- fyrsta í aðventu,
- mömmu og ömmu kaffi
- pabba og afakaffi
- útskrift skólahópsins
- sumarhátíðina.

4.3.2 Foreldrafélag

Við erum með starfrækt foreldrafélag sem skipað er af 4-5 foreldrum. Þeir skipta svo innbyrðis á hlutverkum sem formaður, ritari og gjaldkeri. Haldinn er aðalfundur í september ár hvert og búin til stjórn. Síðan í október er annar fundur þar sem starfsáætlun er gerð og er hún í nokkuð föstum skorðum. Foreldrafélagið styður við ýmsa viðburði innan skólans. Þau bjóða upp á hoppukastala, jólagjafir, rútuferðir, sveitaferð og fleira skemmtilegt sem þeim dettur í hug.

Leikskólastjóri situr fundi með foreldrafélagi.

4.3.3. Foreldraráð

Foreldraráð er skipað að hausti og eru þrír foreldrar í ráðinu í einu. Foreldraráðið fjallar um ýmis málefni leikskólans, s.s skóladagatal, námskrár og aðrar ákvarðanir er varða skólastarfið. Fundað er tvisvar til þrisvar á ári og fundargerðir skrifaðar eða notað við samtali í tölvu. Leikskólastjóri sér um að boða á fundi og formaður ákveður dagsetningu og tíma..

Leikskólastjóri situr fundi með foreldraráði.

4.3.4 Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvö á árinu október og mars. Í fyrra viðtalinu er farið yfir Heilsubók barnsins, líðan og hvernig aðlögun gekk ýmist milli deilda eða nýrra barna. Í seinna viðtalinu er einnig farið yfir Heilsubók barnsins og farið ýtarlega yfir þroska, getu og líðan barnanna.

4.3.5 Foreldrafundir og foreldrafræðsla

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra er haldin einstaklingslega með viðtali við foreldra þar sem liður í þátttökuaðlögun er spjall í um 2 klst. Foreldrum eru kynntar áherslur í starfi skólans og fengu afhent gögn varðandi aðlögun, dagsetningu á fyrsta viðtali, kynningarrit og eyðublöð til að fylla út vegna þátttökuaðlögunar og Heilsubókar. Foreldrum er boðið upp á kaffi og smá nasl. Síðan er þeim sýndur skólinn og svo endað inn á deild barnsins þar sem farið er yfir dagskipulag og spurningum frá foreldrum svarað af deildarstjóra.

Einnig var foreldranámskeið í Leikur að læra fyrir foreldra og eru verkefni svo lögð inn með foreldrum og börnum tvisvar í viku allan veturinn.

4.3.6 Upplýsingar til foreldra

Tölvupóstur -Foreldrum er sendur vikulega tölvupóstur frá deildarstjóra þar sem farið er yfir vikuna og hvað er framundan. Reglulega yfir árið koma tilkynningar frá leikskólastjóra bæði með ákveðnar upptökur, fróðleik eða upplýsingar.

Heimasíða - fréttir um starfið er sett inn á heimasíðuna. Deildarnar setja sínar fréttir inn undir sinni deild, þar sem settar eru meðal annars inn myndir sem eru á læstri síðu að ósk foreldra.

Upplýsingatafla - í fataklefa á hverri deild er upplýsingatafla þar sem skrifar er á daglega hvað búið er verið að gera, hvernig dagurinn gekk og hvað er framundan. Þar er líka dagatal yfir allt skólaárið, matseðill og upplýsingar um svefn og matarvenjur yngstu barnanna.

HuMu App - við höfum verið að nota app sem heitir HuMu. Þetta app heldur m.a. annars utan um viðveruskráningu barna, fjölda og lengd lúra hvers barns, hversu vel börnin borðuðu, hægt er að senda skilaboð beint í síma foreldra, minnir foreldra á viðburði, gefur foreldrum aðgang að matseðli og hægt er að fá skilaboð frá foreldrum, m.a. um veikindi barna og hver sækir.

4.3.7 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Foreldrafélagið er mjög virkt í að ræða um og framkvæma hluti. Það hefur lagt leikskólanum lið á margvíslegan hátt á árinu með því að:

- sjá um veitingar á aðalfundi
- kaupa jólagjafir fyrir jólaball
- pakka inn jólagjöfum
- hjálpa til við sumarhátíð leikskólans
- bjóða upp á hoppukastala á sumarhátíð
- bjóða upp á leikrit á sumarhátíð
- borgað danskennslu fyrir börnin annað hvert ár
- borgað tónlistarkennslu annað hvert ár á móti dansi
- auk þess að gefa búnað inn á deildir ef vantar, foreldrafélagið fylgist vel með því

Það er mikilvægt fyrir leikskólann að hafa þennan bakhjarl sem foreldrafélagið er og mikilvægt að færa þeim þakkið fyrir framlag þeirra til barnanna og leikskólans.

4.4 Samstarf

4.4.1 Samstarf leikskólastjóra

Mikið og gott samstarf er á milli leikskólastjóra í Garðabæ sem skilar sér í faglegri og góðri vinnu milli skólanna. Leikskólastjórar funda einu sinni í mánuði með verkefnastjóra og fræðslustjóra og þar eru málefni leikskólanna rædd. Auk þess er góð fræðsla einnig til staðar og uppfærsla á því sem er í gangi hverju sinni.

4.4.2 Samstarf sérkennslustjóra

Sérkennslustjórar hittast að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem málefni sérkennslunnar er rædd, kennslugögn og önnur málefni sem við kemur þeim.

4.4.3 Samstarf við sérfræðiaðila

Í Garðabæ höfum við aðgang að talmeinafræðingum og sálfræðingum. Við fyllum út beiðni sem send er inneftir og tekið fyrir þar og unnið út frá þeim. Mánaðarlega kemur sérkennslufulltrúi og fer yfir stöðu sérkennslumála með sérkennslustjóra og

leikskólastjóra. Talmeinafræðingur kemur inn í skólann einu sinni í viku og vinnur með sérkennslustjóra.

4.4.4 Aðrir samstarfsaðilar

- Greiningar - og ráðgjafastöð ríkisins
- Túlkaþjónusta
- Aðrir leikskólar í Garðabæ s.s leikskólastjórar, sérkennslustjórar, deildarstjórar og heimsóknir
- Við eigum samstarfsskóla sem er Bæjarból sem er einnig Heilsuleikskóli eins og við
- Samtök Heilsuleikskóla
- Aðrir Heilsuleikskólar
- Álftanesskóli - með brúum bilið, stærðfræðistofa, myndlist, matreiðslustofa o.fl
- Leikskólinn Krakkakot sem er samstarfsskóli okkar á Álftanesinu í Brúum bilið, sumarhátíð og fleira
- Bæjarskrifstofan - tekið á móti börnum í heimsókn og fleira
- Áhaldahús sem sér um allt viðhald og eru ótrúlega liðlegir og öflugir
- Frístund - viðvera barna eftir að grunnskóladegi lýkur
- Bókasafn Álftanesskóla
- Íþróttahús Álftanesskóla með sunaðstöðu og íþróttasal
- Íþróttahús Stjörnunnar með fimleikasal
- Slökkviliðið kemur árlega að kynna elstu börnunum fyrir sjúkrabíl og brunabíl og kenna þeim á neyðarnúmerið
- Húsvörður sem aðstoðar okkur með ýmis smáatriði sem þörf er á með aðstoð fagmanns.

4.5 Starfið síðastliðið ár

Starfsáætlun var gerð og byggði hún að hluta upp á skóladagatalinu og síðan á þeim ramma sem rekstri og starfi skólans er settur varðandi starfsmannahald og fjárhagsáætlun.

4.5.1. Viðburðir

Ýmislegt skemmtilegt var gert á hverju ári og þetta er það helsta

- Dótadagur var síðasta föstudag í hverjum mánuði
- Skólamjólkurdagurinn var haldinn 28. september og þá fá börnin litla mjólkurfernu að gjöf frá Mjólkursamsölnni sem þau drekka í kaffinu
- 9. október kom slökkviliðið í heimsókn
- Alþjóðlegi bangsadagurinn er 27. október
- Aðventukaffi var fyrsta föstudag í aðventu, þá er foreldrum boðið í heitt súkkulaði og smákökur

- Forsetaembættið bauð elsta árgangi að vera viðstödd þegar kveikt er á jólatrjám á Bessastöðum og bjóða svo upp á heitt kakó og piparkökur
- Presturinn kom og var með notalega stund hjá okkur í desember en allt árið kemur hann einu sinni í mánuði með gítarinn og spilar undir með okkur í vinastund sem er söngstund allra deilda í sal skólans einu sinni í viku
- Jólaballið var haldið í sal skólans í byrjun desember og koma menn frá Lions og hjálpa okkur með jólasveinana, þeir eru miklir velunnarar skólans. Foreldrarfélagið hjálpar þeim að útvega jólagjafir
- Í byrjun janúar vorum við með vasaljósadag og mæta þá öll börn með vasaljós og höfum gaman án rafmagns þennan dag
- Á bóndadaginn bjóðum við öfum og pöbbum til okkar í morgunkaffi og bjóðum þeim morgunverð ásamt þorramats smakki, við klæðumst gamaldagsfötum og höldum svo þorraveislu í hádeginu
- Föstudaginn fyrir konudaginn bjóðum við ömmum og mömmum til okkar í morgunkaffi í ár buðum við upp á vínber, osta, hrökkbrauð og fleira.
- Páskaveisla er haldin föstudaginn fyrir páska. Börnin útbúa körfu og fá saltstangir og páskaegg í hana. Í hádeginu er svo slegin upp páskaveislu og boðið upp á páskalæri ásamt öllu tilheyrandi
- 25. apríl er dagur umhverfis og þá fara allir út og taka til á skólalóðinni og kringum skólann okkar
- 28. apríl á leikskólinn afmæli og vorum við 11 ára að þessu sinni og héldum við daginn hátíðlegan með söng og afmælisköku í kaffitímanum.
- Útskrift elstu barna leikskólans var haldin hátíðleg í sal skólans í maí. Þá flöggum við, börnin fá útskriftarskjál, rós og foreldrar koma með ávexti og grænmeti á veisluborðið. Þennan sama dag að útskriftinni lokinni tók sumarhátíð leikskólans við.
- Útskriftarferð var farin í maí í boði Lionsmanna sem sjá um að skipuleggja og skaffa allt í ferðina. Við vorum með sameiginlega ferð með Krakkakoti og að þessu sinni ákváðu Lionsmenn að bjóða leikskólanum Ökrum með í ferðina.
- Kynningarfundur fyrir nýja foreldra var í byrjun júní
- Auk þessa voru litadagar, hjóladagur, kerru og dúkkuvagnadagur, hatta og sólgleraunadagur og svo má áfram telja

5. Lokaorð

Skólárið 2016-2017 hefur verið afar viðburðarríkt og skemmtilegt.

Starfsmannahópurinn var og er stöðugur sem skilar af sér frábæru, fagmannlegu og metnaðarfullu starfi. Við fögnuðum því á þessu skólári, nánar tiltekið á degi leikskólans 6. febrúar 2017 að vera löggiltur Leikur að læra leikskóli sem var meðal annars hluti af þróunarverkefni sem við erum með. Ánægju starfsmanna má sjá á forsíðu mynd. Við ákváðum á þessu starfsári að vinna með færri áherslu og gera þær vel og bæta okkur í áherslum okkar. Þessar áherslur eru meðal annars Heilsustefnan, Leikur að læra, Grænfáninn og Uppeldi til Ábyrgðar. Með góðri samvinnu starfsmanna í húsi og áhugategndum námskeiðum í símenntunaráætlun Garðabæjar, hefur áhugi starfsfólks á símenntun aukist til muna milli ára. Í heildina erum við afar ánægðar með starfið en hafa ber í huga að alltaf má gera gott starf betra.

Ragnhildur Skúladóttir

Leikskólastjóri